



Veiðimann – Go Fish

Aldur: 3+

Fjöldi leikmanna: 2 – 6

Leiktími:

Innihald: 48 spil

Hugmynd og markmið:

Að vera fyrst/ur til að safna flestum fernum.

Undirbúningur:

Stokkið spilin og gefið hverjum leikmanni 7 spil. Ef 4 eða fleiri spila fær hver leikmaður einungis 5 spil. Setjið hin spilin í bunka á hvolfi þar sem allir geta nálgast þau. Leikmenn raða spilunum á hendinni eftir númerum.

Gangur spilsins:

Leikmaðurinn vinstra megin við þann sem gaf, byrjar og svo koll af kolli í sömu átt. Sá sem á að gera spyr annan leikmann hvort hann/hún eigi ákveðið spil. *Leikmaður A* gæti t.d. spurt *leikmann B* hvort hún ætti einhverja tvista. Leikmaður A verður þó að hafa a.m.k. einn tvist á hendi sjálfur.

Ef *leikmaður B* á einhverja tvista verður hún að láta *leikmann A* hafa þá alla. *Leikmaður A* fær þá að spyrja áfram þar til hann fær ekki spilið sem hann vantar.

Eigi *leikmaður B* hins vegar enga tvista, segir hún: „Veiddu!“ og *leikmaður A* dregur spil. Ef það er tvistur, sýnir hann öðrum leikmönnum og fær að gera aftur. Ef ekki, gerir

næsti.

Þegar leikmaður hefur náð að safna fjórum eins spilum, leggur hann þau fyrir framan sig. Leiknum lýkur þegar einhver hefur ekkert á hendi eða þegar bunkinn klárast.

Leikslok:

Sigurvegarinn er sá/sú sem nær að safna flestum fernum.

Aðrar spilunarleiðir:

Sú einfalda

Safnið frekar þörum en fernum. Leikurinn gengur síðan eins fyrir sig.

Einbeitingarleikur:

Fyrir skemmtilegan einstaklingsleik má leggja öll spilin á hvolf á borð. Leikmaðurinn snýr við tveimur spilum – ef þau passa saman fær hann að taka þau. Ef ekki, eru þau lögð aftur á hvolf. Leiknum er haldið áfram þar til öll spilin hafa verið þöruð saman. Það má líka leika þennan leik með tveimur leikmönnum sem skiptast á.

Góða skemmtun í veiðiferð!

Þýðing: Bryndís Ósk Þ. Ingvarsdóttir